

Mættir voru: Ólafur Oddur, Sigmundur, Snorri, Valgeir, Sabína og undirrituð.

1. Fundargerð 769 lesin upp og samþykkt
2. Aðsent efni
 - FILA News
 - Gouren Magazine
 - Hvati
3. HM í Danmörku, rætt var um að mótið hefði gengið vel í heildina. Fengum 7 heimsmeistara í glímu og 3 í hryggspennu, frábær árangur hjá okkar fólki. Gagnrýnt var að keppandi keppti ekki í þeim greinum sem hann var skráður til keppni í, og lét vita með litlum fyrirvara. Einnig var gagnrýnt að hópurinn gat ekki gisti allur á sama stað, því hluti hópsins gisti í ca. 20 mín fjarlægð. Stjórninni fannst vanta að keppnissvæðið yrði auglýst til að fjölga áhorfendum. Úrslit má sjá á www.glima.is
4. Ársþing IGA, ný stjórn var kosin, og hélt Skaphéðinn Orri Björnsson sæti sínu sem forseti IGA. Stjórnina má sjá á www.glima.is
5. Mótaskipulag fyrir veturinn, mótaskrá var samþykkt, rætt var um að félagið (sem væru að halda mótið) myndi redda starfsmönnum fyrir mót (þ.e.a.s. tímavörðum, glímustjóra og ritara)
6. ULM 2008 í Þorlákshöfn, Sigmundur var á svæðinu og sagði keppni hafa gengið vel og að glímt hafi verið á dýnum í tjaldi. Áhorfendur voru ekki margir en keppni gekk vel. Úrslit má sjá á www.glima.is
7. Tryggingar Glímumanna, **málið rætt.**

8. Menningarnótt, GLÍ barst fyrirspurn um að vera að kynningu eða kennslu fyrir framan Kaffibarinn, vísað til félaganna á höfuðborgarsvæðinu (KR og Ármann)
9. HM í Belt-Wrestling, verður haldið í nóvember í **Tókó**.
10. Æfingabúðir á Laugavatni, góð mæting var í karlaflokknum en ekki í kvennaflokknum, æfingar gengu vel og mikill metnaður var lagður í þær.

Önnur mál

- Keppnisgjöld, samþykkt var að keppnisgjöld yrðu greidd fyrirfram.

Fleira var ekki gert og boðaði Ólafur Oddur, formaður til næsta fundar þann 3. September 2008 og sleit síðan fundi.

Svana Jóhannsdóttir